



1544. stjórnarfundur

Ráðhús Reykjavíkur
13.3.2013, kl. 12:00

Frímenn Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1543. fundar

Samþykkt.

2. Heimsókn formanns og framkvæmdastjóra ÍTR

Eva Einarsdóttir formaður og Ómar Einarsson framkvæmdastjóri komu inn á fundinn. Varðandi eftirfylgni með nýrri stefnu ÍTR og ÍBR var m.a. ákveðið að skipa hóp sem fylgir málum eftir og skilar reglulega skýrslum til stjórna ÍTR og ÍBR. Varðandi viðhaldsstyrki til félaga næstu ár var m.a. rætt um frekara samstarf ÍTR og ÍBR því tengt. Sú vinna byggir á þeirri úttekt sem liggur fyrir og hefur verið leitað til sömu verkfræðistofu um að uppfæra mv. stöðuna í dag.

Varðandi skíðamál kom m.a. fram að ÍTR og fulltrúar skíðafélaganna í Reykjavík hafa haldið tvo fundi á líðandi vetri sem hafa reynst gagnlegir. ÍTR óskar eftir að ÍBR verði í framhaldinu fulltrúi skíðafélaganna gagnvart ÍTR í þeim málefnum sem þeim tengjast.

3. Ársreikningur ÍBR

Umræður um núverandi ársreikning og um ýmislegt tengt rekstri og starfsemi ÍBR.

4. Styrkir til Íslands- og bikarmeistara

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt.

5. Íþróttatöping

Minnt á íþróttatöping ÍSÍ 19. og 20. apríl nk.

6. Þing Akstursíþróttasambands Íslands

Verður 16. mars n.k. og á ÍBR einn fulltrúa.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:00.

Gígja Gunnarsdóttir, fundarritari